

9. NÓVEMBER
2023

HARPA
ELDBORG

Bartók og Beethoven

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Inmost 11´

Fiðlukonsert nr. 2 36´

Sinfónía nr. 3 47´

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Bartók og Beethoven

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 9. NÓVEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz
einleikari

Veronique Vaka

Inmost (heimsfrumflutningur)

Béla Bartók

Fiðlukonsert nr. 2 BB 117 (1937–38)

Allegro non troppo

Andante tranquillo

Allegro molto

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía í Es dús nr. 3 op. 55, Eroica (1805)

Allegro con brio

Marcia funebre: Adagio assai

Scherzo: Allegro vivace

Finale: Allegro molto

For information in English about tonight 's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníu-hljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan til að gegna þeirri stöðu. Hún nam hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki sem útskrifað hefur marga afburða tónlistarmenn en þar naut hún leiðsagnar Leifs Segerstam og Jorma Panula og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003, þá 21 árs að aldri. Tveimur árum síðar kom hún fyrst til Íslands til að starfa með Sinfóníuhljómsveit Íslands og spannar samstarf hennar og hljómsveitarinnar því 20 ár. Það ár stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með mjög skömmum fyrirvara og á árunum 2007–2010 stjórnaði hún þrennum áskriftatónleikum. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar árið 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað virtum hljómsveitum víða um heim, þeirra á meðal eru Fílharmoníuhljómsveitir Los Angeles, Stokkhólms og að sjálfsgöðu Helsinki, Útvarpshljómsveitirnar í Noregi og Svíþjóð og Sinfóníuhljómsveitir BBC og Baltimore. Hún hefur einnig stjórnað óperuflutningi, meðal annars við finnsku og dönsku þjóðaróperurnar og Konunglegu óperuna í Stokkhólmi. Eva þreytti frumraun sína á Proms-tónlistarhátíðinni í fyrra þar sem hún stjórnaði meðal annars heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA.

Hún hefur auk þess oft verið gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hér á landi hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að spreyta sig með tónsprotann.



Leila Josefowicz

EINLEIKARI

Óhætt er að segja að fiðluleikarinn Leila Josefowicz (f. 1977) hafi verið undrabarn. Hún er fædd í Kanada en ólst upp í Los Angeles í Bandaríkjunum og byrjaði að læra á fiðlu rúmlega þriggja ára gömul eftir aðferðafræði Suzuki-skólans. Hún var aðeins 13 ára þegar hún hóf nám við Curtis-Institute og var farin að spila með sinfóníuhljómsveitum víða um heim strax á táningsaldri, í Norður- og Suður-Ameríku og um alla Evrópu og Asíu.

Leila Josefowicz hefur um nokkurt skeið einbeitt sér að flutningi tónverka frá 20. og 21. öld, þar á meðal eru mörg af helstu verkum nútímans fyrir fiðlu. Hún hefur einnig tekið virkan þátt í sköpun nýrra verka, bæði með því að panta verk og með samstarfi við tónskáld úr ýmsum áttum. Hún hefur því frumflutt marga fiðlukonserta sem hafa verið samdir sérstaklega fyrir hana, t.d. eftir Colin Matthews, Luca Francesconi, John Adams og Esa-Pekka Salonen. Hún hefur unnið til ýmissa þekktra verðlauna, t.d. MacArthur Fellowship árið 2008 sem framúrskarandi vísinda- og listamönnum í ýmsum greinum hlotnast, og árið 2018 hlaut hún bandarísku Avery Fisher-verðlaunin sem stofnað var til árið 1974 og veitt eru einleikurum fyrir einstaka frammistöðu.

Íslenskir tónleikagestir fá notið leiks hennar á þrennum tónleikum nú í vetur því hún er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári. Fyrir utan tónleikana nú í kvöld kemur hún fram með hljómsveitinni á tónleikum 11. janúar næstkomandi og flytur þá fiðlukonsert eftir Helen Grime undir stjórn Daníels Bjarnasonar, en það er frumflutningur verksins hér á landi. Daginn eftir eða 12. janúar mun hún svo halda einleikstónleika undir yfirskriftinni Portrett af Leilu Josefowicz.



Veronique Vaka

INMOST

Veronique Vaka (f. 1986) er tónskáld sem vert hefur verið að fylgjast með síðustu ár. Í mörgum verka sinna skráir hún og umritar breytingar sem eiga sér stað í íslenskri náttúru yfir á mál tónlistarinnar. Hverasvæðið í Krýsuvík og bráðnun jökla hefur verið efniviður fyrri verka hennar. Í þeim býr bæði kraftur og mýkt sem er sérlega áhrifamikil.

Íslensk merking orðsins Inmost er „innstur“ eða „dýpstur“. Verkið er afurð rannsóknar og kortlagningar á landslagi Heklu þar sem Veronique Vaka rannsakaði gjóskudreifingu úr eldgosum á tímabilinu 3000 til 950 f.Kr. Verkið er unnið út frá þeim upplýsingum. Verkið er tileinkað Evu Ollikainen. Veronique Vaka pantaði meðfylgjandi ljóð þar sem andi verksins er fangaður.

Innsta mýksta heitasta
miðja
alein

auga Vítis - eða er það ástin?
aðalkraftur
jörð gefur sig

sáldrast
duft sprengjunnar
á okkur
á mosa
á tré
á kaldan klaka

setur mark
skrifar sögu
sína

heimur man

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir (2023)

Tónlistin á Íslandi

Verkið Inmost eftir Veronique Vöku er frumflutt hér í kvöld en verk hennar hafa áður verið frumflutt á tónleikum Sinfóníu- hljómsveitarinnar; m.a. Lendh árið árið 2020 og sellókonsertinn Gemæltan sem Sæunn Þorsteinsdóttir lék með hljómsveitinni í september í fyrra.



Béla Bartók

FIÐLUKONSERT NR. 2 BB 117

Fiðlukonsert nr. 2 eftir Béla Bartók (1881–1945) er eitt af stórvirkjum 20. aldarinnar fyrir hljóðfærið. Bartók samdi konsertinn á árunum 1937–1938, í skugga uppgangs fasismans í Ungverjalandi og þeirra þjóðernisofsókna og ofbeldis sem honum fylgdu. Sjálfur var hann mjög andsnúinn fasismanum og því varð hann endurtekið skotspónn árása allt þar til hann tók ákvörðun um að yfirgefa ættjörðina. Skömmu eftir að Bartók hafði lokið við að semja konsertinn flúði hann ásamt eiginkonu sinni til Bandaríkjanna og átti aldrei afturkvæmt eftir það heim til Ungverjalands. Ýmsir hafa litið svo á að konsertinn hafi verið eins konar hinna kveðja hans til ættjarðarinnar. Verkið er áhrifamikið og þrungið sterkum tilfinningum og jafnvel má skynja ákveðna sorg í upphafi þess. Hér má heyra margar vísanir í ungverskan og miðevrópskan þjóðlagaarf, en Bartók rannsakaði og skráði þjóðlög á ferðum sínum víða um Evrópu auk Ungverjalands snemma á tuttugustu öld.

Bartók vildi semja verkið í einum samhangandi þætti sem byggði á tilbrigðum við stef. Fiðluleikarinn Zoltán Székely sem frumflutti verkið var hins vegar harður á því að hann vildi fá hefðbundinn fiðlukonsert í hendurnar. Bartók samdi konsertinn því á hefðbundnu þriggja þátta formi en gat ekki stillt sig um að læða inn tilbrigðum við stef í verkið. Í öðrum þætti má heyra stef ásamt tilbrigðum og þriðji þátturinn er svo tilbrigði við efni úr fyrsta þætti.

Konsertinn er viðamikilið og flókið verk. Hann er ekki saminn eftir tólfónakerfinu, þar sem allar nótur skalans eru jafnrétttháar og allar nótur verða að koma fyrir. Hér má þó heyra að hann notar stef sem eru byggð á tólfónaröðinni, bæði í fyrsta kafla, þar sem tónninn a er samt sem áður grunntónninn, og þriðja kafla. Konsertinn er mjög ljóðrænn á köflum, sérstaklega miðkaflinn og þrátt fyrir ákveðinn þunga er oft dreginn upp mjög finlegur tónvefur sem helst minnir á víravirki.

Tónlistin á Íslandi

Fiðlukonsert nr. 2 eftir Béla Bartók hefur verið fluttur alloft hér á landi. Fyrst hljómaði hann í Háskóla-bíói í maí árið 1967, þá var Dénes Zsigmondy einleikari og stjórnandi Bohdan Wodiczko. Næst var hann fluttur árið 1969 af fiðluleikaranum Edith Peinemann undir stjórn Alfred Walter, sem stjórnaði honum svo aftur árið 1978 og þá með György Pauk á einleiks-hljóðfærið. Konsertinn var síðan fluttur árið 2007 í rauðri tónleikaröð undir stjórn Petri Sakari, þá var Reka Szilvay í einleikshlutverkinu. Síðast var Fiðlukonsertinn fluttur í apríl árið 2013 af Patriciu Kopachinskaju og Ilan Volkov stjórnaði hljóm-sveitinni. Annað þekkt verk Bartóks, Konsert fyrir hljóm-sveit verður flutt á tónleikum Sinfóníu-hljóm-sveitar Íslands í maí næstkomandi.



Ludwig van Beethoven

SINFÓNÍA NR. 3 Í ES-DÚR OP. 55, HETJUSINFÓNÍAN (1805)

Þriðja símfónía Beethovens (1770–1827) var samin á árunum 1803–1804 og frumflutt í Vínarborg árið 1805. Hún markaði tímamót á mörgum sviðum. Hún sló nýjan tón í því hvernig skrifað var fyrir símfóníuhljómsveit og hún er bæði lengri og stórbrotnari en áður tíðkaðist að hafa símfóníur. Hún er talin upphafsverkið á miðskeiði tónsköpunar Beethovens en á þeim tíma var hann á hátindi sköpunarferils síns, var sérlega frjór og samdi mörg af sínum þekktustu verkum sem mörg hver einkennast af sama hetjuanda og símfónían. Þetta var ótvírætt skeið hinna stóru verka. Eini fiðlukonsertinn sem Beethoven lauk við var samin aðeins ári síðar, og allar símfóníurnar nema fyrstu tvær og sú níunda eru frá þessu skeiði. Fidelio, eina óperan sem Beethoven samdi og mörg af viðameiri kammerverkum hans voru einnig samin á þessu tímabili. Símfónían hefur þar fyrir utan verið talin marka þau merku tímamót þegar rómantíkin tók við af klassíkinni en þar með urðu tilfinningarnar þandari og allar andstæður mun meiri, ekki síst í styrkleikabreytingum, en áður hafði heyrst í virðulegum tónleikasölum Evrópu.

Á meðan 3. símfónían var í vinnslu kallaði Beethoven hana Bonaparte-símfóníuna enda hreifst hann mjög af Napóleon Bónaparte og því sem hann taldi vera baráttu hans fyrir betri kjörum alþýðufólks. Þegar Napóleon krýndi sig sem keisara, snerist Beethoven öndverður gegn honum og breytti nafni hennar. Símfónían varð því aldrei tengd Napóleon eftir að hún varð fullgerð en hetjuandinn er augljós og símfónían er nú merkt hetjum af öllu tagi.

Töntegundin Es-dúr hefur gjarnan verið tengd hetjuanda, hún er sögð hafa á sér yfirbragð glæsileika og fumkvæðis. Það er ekki síst vegna notkunar Beethovens á töntegundinni, því fyrir utan hetjusímfóníuna eru 5. píanó-konsert hans, nefndur Keisarakonsertinn, og píanósónata nr. 4, sem kölluð hefur verið Grand-sónata eða Stóra

Tónlistin á Íslandi

Þriðja símfónía Beethovens, Hetju-símfónían, hefur margoft verið flutt hér á landi allt frá stofnun Símfóníu-hljómsveitar Íslands enda er hún eitt af stórvirkjum evrópskra tónbókmennta. Hún var fyrst flutt á stofnunarári hljómsveitarinnar, á tónleikum í Þjóðleik-húsinu 17. desember árið 1950 undir stjórn þýska hljómsveitarstjórans Victors Hildebrandts sem var ráðinn til að stjórna tvennum tónleikum undir lok þess árs.

Hetjusímfónían var síðast flutt af Símfóníu-hljómsveit Íslands í Eldborg í Hörpu, 23. maí 2019, undir stjórn Osmo Vänskä.

sónatan og fleiri mikilvæg verk, í Es-dúr. Tóntegundin hafði reyndar þetta orð á sér áður en Beethoven tók að semja sínar stórbrotnu tónsmíðar, því ítalski fiðluleikarinn og tónlistarfræðingurinn Francesco Galeazzi sem var litlu eldri en Beethoven, sagði um tóntegundina að hún væri hetjuleg og sérlega tignarleg, hátíðleg og alvarleg og mun fremri til dæmis C-dúr að þessu leyti. Reyndar var C-dúr önnur tóntegund sem Beethoven hafði miklar mætur á.

Hetjusímfónían hefst mjög afdráttarlaust á tveimur snörpum Es-dúr hljóðum sem er vitaskuld grunntóntegund símfóníunnar, þar sem es-ið er mjög áberandi í allri hljómsveitinni. Reyndar minnir þetta upphaf frekar á lokahljóma tónverks og jafnvel mætti túlka þá sem endalok tengsla verksins við Napóleón – og kannski vildi Beethoven með þessu merkja verkið enn frekar hetjuandanum. Upphafshljómarnir leiða óneitanlega hugann að upphafi 5. símfóníunnar og hvernig Beethoven nær að fanga andrúmsloft heillar símfóníu strax í byrjun verksins. Þessi er föst fyrir en full bjartsýni og gefur ákveðin fyrirheit, á meðan 5. símfónían byrjar á upptakti sem skapar eftirvæntingu en gefur jafnframt til kynna þunga og jafnvel ótta. Símfónían er öll dregin stórum dráttum sem eru einkennandi fyrir tónsköpun Beethovens á þessu skeiði og æ síðan, hljómaframvindan er hæg og hann byggir upp spennu með löngum fléttum.

Fyrsti kaflinn er í þrískiptum takti og hefðbundnu sönötuformi, þar sem þrjú stef eru efniviðurinn. Annar kaflinn, sem er jarðarfaramars, byrjar í c-moll, sem er sammarka tóntegund Es-dúrs. Hann er mjög dramatískur og er oft leikinn við útfarir. Í upphafi er kynnt stef í strengjum sem síðan færir til tréblásara með óbóíð í broddi fylkingar. Um miðbik kaflans má svo heyra bregða fyrir fúgu sem spunnin er áfram í allri hljómsveitinni. Þriðji kaflinn er lífflegt scherzo og tríó. Í tríó-hlutunum gegna þrjú horn mikilvægu hlutverki en það mun hafa verið í fyrsta skipti sem slíkt heyrðist í símfóníu. Fjórði kaflinn er svo byggður upp í kringum stef með tíu tilbrigðum. Beethoven mun áður hafa notað áþekkt stef og færa mætti rök fyrir því að öll símfónían byggi á þessu sama stafi. Símfónían endar svo á eftirspili, stuttum og snaggaralegum presto-kafla, þar sem heyra má miklar og snöggar styrkleikabreytingar og nokkuð margendurtekinn lokahljóð, í sönnum Beethoven-anda.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Lin Wei
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Laufey Jensdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Justyna Bidler
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Greta Guðnadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Astrid Bjelland
Björg Brjánsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Britta Cortabarría

Horn

Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson
Bassabásúna
David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Píanó/Selesta

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni með Leilu

11.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Enigma-tilbrigðin

Enigma-tilbrigði Edwards Elgars eru eitt ástsælasta sífóníska stórvirki Breta fyrr og síðar en verkið samanstendur af 14 tilbrigðum sem bregða upp lifandi svipmyndum af vinum tónskáldsins og kunningjum og honum sjálfum. Tónlistin spannar allt frá góðlátlegri glettni til djúpra ástríðna en stefið sem öll tilbrigðin kallast á við heyrst hins vegar aldrei í verkinu sjálfu og er það hin eiginlega ráðgáta sem titillinn vísar til.

Á þessum tónleikum kemur fram fiðlurvirtúósinn og staðarlistamaðurinn Leila Josefowicz í annað sinn á starfsárinu og flytur brakandi ferskan fiðlukonsert skoska tónskáldsins Helen Grime en verk hennar hafa verið lofuð fyrir leiftrandi andagift og einstaka hugkvæmni. „Ég er sérstaklega spennt að geta frumflutt fiðlukonsert Helen Grime á Íslandi,“ segir Josefowicz um verkið. „Hann kraumar af líkamlegri orku til jafns við eitthvað dulrænt og himneskt. Fá ný verk eru skemmtilegri að flytja fyrir fólk.“

12.01 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



© Tom Zimberoff

Portrett af Leilu Josefowicz

„Tvö snilldarleg einleiksverk fyrir fiðlu, aðskilin af 250 árum.“ Þannig lýsir Leila Josefowicz verkunum tveimur sem hljóma á þessum stuttu og grípandi föstudagstónleikum í Norðurljósum. La linea evocativa eftir Þjóðverjann Matthias Pintscher er innblásið af verkum myndlistarmannsins George Condo og frumflutti Leila Josefowicz það í gallerí þar sem verk hans voru til sýnis í New York árið 2020.

Partítur Bachs fyrir einleiksfiðlu eru ekki síður framsækin tónlist þegar þær eru skoðaðar frá réttu sjónarhorni en í þeim leikur Bach sér að möguleikum fiðlunnar til þess að skapa fjölradda tónlist, auk þess sem hann fléttar saman stórbrotnum laglínunum og hrífandi dansrytum. Að loknum flutningi á Partítu Bachs nr. 2 situr Leila Josefowicz fyrir svörum og gefst tónleikagestum því einstakt tækifæri til þess að kynnast hinni hliðinni á þessum einstaka listamanni.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

The King's Singers syngja inn jólin

29. & 30. NÓVEMBER

Breski sextettinn The King's Singers, einn frægasti sönghópur heims, er að koma til landsins og syngur á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. The King's Singers syngja ómótstæðileg jólalög frá ýmsum tímum og hljómsveitin leikur hrífandi barokkperlur undir stjórn Adam Hickox. Við höfum beðið þeirra með óþreyju og fögnum sannarlega komu þeirra.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS